

Leiðbeinandi verklag um aðgang aðila barnaverndarmáls að gögnum á grundvelli barnaverndarlaga

Hafa ber í huga að verklag þetta er leiðbeinandi. Aðgangur aðila að gögnum máls er ávallt háður mati sem þarf að fara fram hjá þeim sem aðgangsbeiðnin beinist að. Barnaverndarþjónustur bera ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin er um aðgang að gögnum.

Barnaverndarþjónustur skulu með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggji þeir trúnað, sbr. 1. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Barnaverndarþjónustur geta með rökstuddri ákvörðun takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef þær telja að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra að aðilar fái aðgang að gögnunum. Þjónustur geta einnig tekið rökstudda ákvörðun um að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að afhenda þau eða þá að ljósrit af þeim séu afhent, sbr. 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga.¹

Framangreindar ákvarðanir barnaverndarþjónustna eru kæránlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála á grundvelli 2. mgr. 19. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls

- Aðili máls getur hvenær sem er óskað eftir að fá gögn barnaverndarmáls afhent. Skylt er að verða við þeirri beiðni nema undantekningarheimildir 2. mgr. 45. barnaverndarlaga og/eða 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 eigi við.
- Almennur aðgangur að upplýsingum og umráð skjala máls er nauðsynlegur liður í því að aðili geti gætt réttar síns.
- Ef því verður komið við skal veita aðgang að gögnum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum sem gögn eru varðveitt á, nema þau séu þegar aðgengileg almenningi með rafrænum hætti.
- Þegar skjöl eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili valið milli þess að fá þau afhent á því formi eða útprentuð á pappír.
- Ákvörðun um aðgang að gögnum skal tekin svo fljótt sem unnt er. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Upplýsa skal um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

¹ Í lögunum kemur fram orðið úrskurður en er hér átt við rökstudda ákvörðun barnaverndarþjónustu.

- Aðgangur að gögnum á grundvelli barnaverndarlaga á einungis við þegar barnaverndarmál er opið, sbr. *úrskurð úrskurðarnefndar velferðarmála nr. 14/2015*. Þeir sem hafa átt aðild að málinu þegar það var til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu geta þó átt rétt á gögnum á grundvelli 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 eftir að málinu er lokað. Leggja þarf mat á hagsmuni ef afhenda á gögn samkvæmt ákvæðinu.
- Í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnslulögin kunna einstaklingar og lögaðilar að eiga réttmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar sem varða þá sérstaklega. Fer þá um aðgang að gögnum skv. upplýsingalögum nr. 140/2012. Þannig geta aðrir en þeir sem teljast aðilar máls óskað eftir, og átt rétt á gögnum og upplýsingum og eiga rýmri rétt en aðrir ef upplýsingarnar sem um ræðir varða þá sjálfa.

Hverjir teljast aðilar barnaverndarmáls ?

- **Forsjáraðilar barns**
- **Barn sem náð hefur 15 ára aldri** er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34. gr., 74. og 81. gr. barnaverndarlaga, sbr. 46. gr. laganna.
- Aðili sem er orðinn 18 ára á rétt á gögnum um sitt eigið barnaverndarmál.
- Aðili sem var með forsjá barns en er ekki lengur með hana telst aðili máls á **þeim tíma sem hann var með forsjána**.
- Aðili sem fær forsjá en var ekki með áður telst aðili máls **frá þeim tíma sem hann fékk forsjána**.
- **Forsjárlaus foreldri** er almennt ekki talin aðili barnaverndarmáls og á því **almennt** ekki rétt til að aðgangs að gögnum á grundvelli barnaverndarlaga.
 - Ber að meta hvert tilvik fyrir sig á grundvelli heildstæðs mats á hagsmunum og tengslum hins forsjárlausa foreldris við það úrlausnarefni sem til meðferðar er. Horft er til þess hvað varðar foreldri og hagsmuni þess með beinum hætti. **Hið forsjárlausa foreldri á ætíð rétt á að fá aðgang að þeim hluta málsins sem lýtur að aðild þess að málinu á meðan málið er til vinnslu, til að mynda ef mál hefst vegna gruns um ofbeldi af hálfu hins forsjárlausa foreldris**. Nýtur viðkomandi þá réttar skv. 1. mgr. 45. gr. til aðgangs að öllum gögnum varðandi þann tiltekna þátt málsins, nema sérstaklega sé úrskurðað um annað, sbr. 2. mgr. 45. gr. bvl.
 - Réttur **forsjárlaus foreldris** til aðgangs að gögnum, **sem ekki hefur aðilastöðu** í málinu vegna beinna hagsmuna fer eftir upplýsingalögum nr. 140/2012.
 - 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga.: Skylt er, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að fyrirbyggjandi gögnum ef þau hafa að **geyma upplýsingar um hann sjálfan**.
 - 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga: Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni

annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.

- **Forsjárlaus foreldri** á rétt á að fá munnlegar upplýsingar um barnið frá barnaverndarþjónustu. Þetta felur **ekki** í sér rétt til að fá upplýsingar um hag forsjárforeldris, sbr. 2. mgr. 52. gr. barnalaga.
- **Forsjársvipt foreldri** er ekki aðili að barnaverndarmálinu og á engan rétt á aðgangi að gögnum málsins.
 - Á þó almennt rétt til umgengni við barnið skv. 2. mgr. 74. gr. barnaverndarlaga og rétt á aðgangi að gögnum máls sem kann að varða þá umgengni.
 - Þá getur forsjársvipt foreldri óskað eftir endurupptöku máls skv. 34. gr. bvl. og ætti þá rétt á aðgangi að þeim gögnum sem varða þá ákvörðun sem tekin yrði þar að lútandi.
 - Á rétt á gögnum sem urðu til þegar fór með forsjá barns.
- **Aðrir sem geta talist vera aðili barnaverndarmáls**
 - **Aðrir nánir aðstandendur**, t.a.m. þeir aðilar sem eiga rétt samkvæmt barnaverndarlögum til þess að óska eftir umgengni við barn, sem vistað er á vegum barnaverndarþjónustu, njóta aðildar að þeim gögnum er varða þann hluta málsins sem lýtur að beiðni þeirra um umgengni. Þá eru **fósturforeldrar eða aðrir vistunaraðilar** einnig aðilar að þeim þáttum máls er lúta að ráðstöfun barns til þeirra í fóstur eða vistun, sem og öðru sem viðkemur þeim þáttum málsins og varða viðkomandi með beinum hætti.

Takmörkun á aðgangi að gögnum

- **Barnaverndarþjónustur** getur skv. 2. mgr. 45. gr. bvl. með rökstuddri ákvörðun takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það **geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra**. Þjónustur geta einnig úrskurðað að aðilar og lögmennt þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.²
 - Á einungis við þegar barnaverndarmál er í vinnslu. Eftir það fer um afhendingu eða takmörkun á afhendingu eftir upplýsingalögum og stjórnslulögum
 - Það þarf að meta hvert og eitt skjal sérstaklega með tilliti til þess hvort hægt sé að synja um afhendingu. Til þess getur komið að synjað sé um hluta skjals en annar hluti þess afhentur.
 - Ekki er heimilt að veita öðru foreldri aðgang að upplýsingum um hitt foreldrið að meira leyti en þörf krefur vegna barnaverndarmálsins, þ.e. upplýsingar sem varpa ljósi á barnaverndarmálið og tengjast forsjárhæfni hins foreldrisins, sbr. 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Mat sem þarf að fara fram, ber að skýra þröngt. Hér

² Í lögnum kemur fram orðið úrskurður en er hér átt við rökstudda ákvörðun barnaverndarþjónustu.

undir geta t.d. fallið upplýsingar um hitt foreldrið sem tengjast ekki forsjárhæfni þess.

- Synjun á beðni um aðgang að gögnum þarf að vera rökstudd.
- Synjun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, leiðbeina þarf um kærurétt ef synjað um gögn

Nánari leiðbeiningar um afhendingu gagna er að finna í:

- Handbók Barna- og fjölskyldustofu um vinnslu barnaverndarmála sem aðgengileg er á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu.